

Reykjanesbær
Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri.

Efni: Styrkbeiðni vegna fjáröflunar fyrir skaðaminnkunarverkefnið Frú Ragnheiður sem rekið er af Suðurnesjadeild Rauða krossins.

Efni þessa bréfs er að fara þess á leit að sveitarfélagið Reykjanesbær styrki fjáröflunarverkefni kaup á nýrri bifreið fyrir skaðaminnkunarræðið Frú Ragnheiður á Suðurnesjum sem rekið er af Suðurnesjadeild Rauða krossins. Áætlanir gera ráð fyrir að bifreið sem henti rekstrinum í sveitarfélögum á Suðurnesjum kosti allt að átta milljónir króna.

Óskað er eftir styrkveitingu frá Reykjanesbæ að upphæð 250-500 þúsund króna.

Umsjón með fjáröflunarverkefninu er í höndum verkefnisteymis nemenda í meistaranámi í verkefnastjórnun (MPM) við Háskólann í Reykjavík sem vinnur verkefnið í samstarfi við Rauða krossinn og undir handleiðslu Helga Þórs Ingasonar, prófessors við Tækni og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.

Í samstarfi við Golfklúbb Suðurnesja stendur verkefnið fyrir styrktarmóti í golfi sem fram fer í Leirunni þann 20. apríl næstkomandi. Leitað hefur verið eftir samstarfi við fyrirtæki á Suðurnesjum sem greiða fyrir þátttöku starfsmanna með því að greiða framlag í fjáröflunina. Er nú jafnframt leitað til sveitarfélaga á svæðinu um styrkveitingu sem mun virkja hvetjandi fyrir þátttöku einkaaðila og fyrirtækja.

Frú Ragnheiður vinnur eftir hugmyndafræði skaðaminnkunar þar sem lögð er áhersla á að fyrirbyggja þann skaða og þá áhættu sem hljótask af notkun vímuefna fremur en að fyrirbyggja notkunina sjálfa. Frú Ragnheiður hefur að markmiði að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll og óafturkræfan skaða af völdum ofskömmtnar sem og að auka lífsgæði og bæta heilsufar einstaklinga sem nota vímuefni í æð með því að veita lágþröskuldaþjónustu í nærumhverfi þessara einstaklinga. Þjónustan felst m.a. í nálaskiptaþjónutu við þá sem nota vímuefni í æð sem og móttöku og förgunar sprautubúnaðar sem dregur úr hættu af notuðum búnaði í almenningssýmum.

Byggt er á hugmyndafræði samfélagsábyrgðar sem felst m.a. í að innleiða sjónarmið umhverfisverndar, mannúðar og lýðheilsu í stjórnarhætti og stefnumótun allra hagaðila í þágu sjálfbærrar þróunar og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Tengsl skaðaminnkunar við sjálfbærnisjónarmið endurspeglast í starfsemi Frú Ragnheiðar sem starfar í anda almennra mannréttinda og hefur að markmiði að draga úr heilsufars-, félags-, og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu í samfélagi okkar.

Virðingarfyllst,

Verkefnateymið Staðföst

Andri Þór Jónsson
Emilía Björg Atladóttir
Margrét Sturlaugsdóttir
Rósa G. Erlingsdóttir